



Gleðileg jól

Fréttabréf Rangárbíngs eystra

Desember 2021



Falleg jólaljós við Öldubakka 25

Heilsueflandi samfélag

Rangárbíng eystra hefur formlega verið hluti af Heilsueflandi samfélagi síðan sumarið 2020. Hugmyndin með Heilsueflandi samfélagi er heildræn nálgun sem embætti landslæknis vinnur að í samræmi við sveitarfélög, opinberar stofnanir ofl. Í starfshóp Heilsueflandi samfélags í Rangárbíngi eystra er hópur aðila sem hefur áhuga á verkefninu og er, ef svo má segja, þverskurður af íbúum sveitarfélagsins. Mikil vinna hefur verið lögð í það á þessu ári að fara yfir svokallaða gátlista þar sem við skoðum hvað við erum að gera vel og hvað við getum gert betur. Eins var kallað eftir hugmyndum frá íbúum um það sem við gætum gert betur eða bætt og fengum við fjölmargar tillögur t.d varðandi gönguferðir, útileiktæki, göngu, hjóla- eða gönguskiðabrautir ofl. Rangárbíng eystra hefur lagt metnað sinn í að bjóða upp á íþróttir fyrir alla. Anna Rún Einarsdóttir, íþróttifræðingur, hefur leitt hreyfingu fyrir aldurshópin 60+ síðan í vor. Fyrst um sinn var boðið upp á gönguferðir utandyra en frá því í haust hefur Anna Rún bæði verið með hreyfingu í íþróttasalnum sem og sundleikfimi.

Unnur Lilja Bjarnadóttir, sjúkraþjálfari, bauð upp á tíma í krílahreyfingu 1x í viku og var mikill áhugi á þeim tímum. Eftir að skipulögðum tímum hjá Unni lauk þá hafa verið opnir tímar fyrir krílahreyfinguna í Íþróttahúsinu á sunnudagsmorgnum kl. 10 en þá geta foreldrar komið með börn sín og nýtt það sem húsið hefur upp á að bjóða í hreyfingu og leik. Nú, ekki alls fyrir löngu, vorum við með Heilsueflandi haust þar sem við fengum til okkar fyrirlesara og vorum með allskonar heilsueflandi viðburði. Ýmist voru viðburðirnir í formi hefðbundna fyrirlestra sem við streymdum inn á öll heimili eða annað þar sem fólk kom saman og fór t.d. í gönguferðir, spilaði borðspil, fór í badminton, prófaði rafíþróttir, kom í diskósund og prófaði ilmsaunu svo dæmi séu tekin. Ég vil nota tækifærið og þakka öllum þeim sem komu að heilsueflandi haustinu hvort sem þau mættu á viðburðina eða héldu viðburð og voru tilbúin að taka þátt. Við gerum þetta aftur næsta haust en fram að því er um að gera að halda áfram og reyna að bæta líðan sína, andlega og líkamlega.

Ólafur Örn Oddsson, Íþrótt- og æskulýðsfulltrúi

Rangárbíng eystra

Austurvegur 4

860 Hvolsvöllur

Sími: 488 4200

Vefur: www.hvolsvollur.is

Umsjón: Árný Lára Karvelsdóttir

Ábyrgð: Lilja Einarsdóttir

Opnun á skrifstofu Rangárbíngs eystra

Mán - Fim

09:00 - 16:00

Föstudagar

09:00 - 13:00



Kæru íbúar

Það er alltaf ánægjulegt að setjast niður í árslok og líta yfir árið sem er að líða. Ekki óraði mig fyrir því þegar ég tók saman pistil ársins 2020, sem einkenndist að mestu af krefjandi verkefnum sem komu til af völdum heimsfaraldurs Covid-19 að sama yrði uppi á teningnum í árslok 2021. En sú er raunin og ég get ekki annað en glaðst yfir því hversu vel hefur verið tekið á málum á öllu vígstöðvum í Rangárþingi eystra, ef upp hafa komið smit, enda höfum við sloppið með ólíkindum vel frá hópsmitum hingað til. Því ber ekki síst að þakka ábyrgum íbúum sem hafa fylgt sóttvarnarræglum í hvívetna eins og raun ber vitni.

Áframhaldandi uppbygging hefur þó átt sér stað í Rangárþingi eystra og hér rís bæði fjöldinn allur af nýju íbúðarhúsnæði sem og atvinnuhúsnæði sem aldrei fyrr. Dugnaður, jákvæðni og þrautseigja íbúa er líka mjög aðdáunarverð, enda hefur ýmis ný atvinnustarfsemi litið dagsins ljós á árinu og þannig bæst talsvert í flóruna í verslun og þjónustu. Ráðist var í markaðsátak í lok sumars sem fékk afar jákvæða umfjöllun.

Við getum verið endalaust stolt af okkar frábæra samfélagi og því góða fólki sem hér býr. Ávallt eru allir jákvæðir og boðnir og búnir að taka þátt í því sem stendur fyrir dyrum hverju sinni. Hér búa fyrsta flokks íbúar í fyrsta flokks umhverfi og af því megum við svo sannarlega vera montin af.

Gríðarlega mikil vinna fór í uppbyggingu á ferðamannastöðum í sumar, enda ekki áður fengist jafn hár styrkur til þess málaflokks. Áherslan í sumar var á Gluggafoss, Nauthúsagil og Kvernugil og hafa þessir staðir fengið umtalsverða andlitslyftingu og verður þeirri vinnu haldið áfram.

Fegrin umhverfisins, bæði í dreifbýli og þéttbýli var einnig áhersluatriði á árinu. Skemmtilegt var að sjá þá andlitslyftingu sem byggingar í Hamragörðum fengu og hefur það vakið umtalsverða athygli. Íbúar og starfsfólk sveitarfélagsins voru ötulir við að taka til hendinni í þéttbýlinu og var ánægjulegt að sjá hversu mikla andlitslyftingu garðar og svæði fengu. Í sumar var víða unnið að grisjun á gömlum trjágróðri og nýjum plöntum plantað.

Einnig hefur víða verið unnið að bættu aðgengi og umferðaröryggi gangandi og hjólandi vegfarenda sem er verkefni sem aldrei lýkur og þarf ávallt að vera vakandi yfir. Stærsta verkefnið okkar er þó án nokkurs vafa undirbúningur að byggingu nýja leikskólans þar sem tekin var fyrsta skóflustunga síðsumars við mikinn fögnuð okkar yngstu íbúa. Nú er jarðvegsvinnu þar lokið og verið að ganga frá samningum við byggingaraðila og förum við vonandi fljótlega á nýju ári að sjá bygginguna rísa hratt og örugglega – ungu kynslóðinni til heilla.

Það er ekki hægt að skrifa pistil í árslok án þess að minnst á kosningu um sameiningartillögu fimm sveitarfélaga sem fram fór síðla september mánaðar þessa árs. Sameiningartillagan var felld svo ekki varð úr sameiningu eins og allir vita, en sú vinna sem átti sér stað við samantekt gagna var gríðarlega mikil og lærdómsrík. Gögnin sem eftir liggja nýfast okkur vel til að rýna rekstur okkar sveitarfélags og gera enn betur og er slík vinna þegar farin af stað, enda gott að rýna bæði rekstur og stjórnsýslu reglulega því alltaf má gera gott enn betra.

Það er því yfir annasamt og lærdómsríkt ár að líta og ég geri það með mikilli gleði í hjarta þrátt fyrir ýmsar áskoranir sem eru óhjálpsæmilegar í síbreytilegu umhverfi nútímans. Gleðjumst yfir þeim samverustundum sem við höfum átt þó að einhverjum hafi þurft að fresta, hætta við eða breyta að einhverju leyti.

Ég færi ykkur öllum mínar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og gæfuríkt komandi ár. Sérstakar þakkir vil ég senda öllu starfsfólki sveitarfélagsins hvar sem það hefur starfað, en með jákvæðni, elju og dugnaði hefur það hjálpað okkur öllum að láta samfélagið ganga áfram á ögrandi tímum.

Hjartans þakkir til allra íbúa fyrir góð samskipti og samvinnu á liðnum árum.

*Lilja Einarisdóttir
Sveitarstjóri*



Jólaskreytingasamkeppni Rangárþings eystra

Í ár var í fyrsta sinn haldin jólaskreytingakeppni Rangárþings eystra. Óskað var eftir tilnefningum um fallega skreytt hús og bárust fjölmargar og eftir að búið var að fara yfir þær ásamt áliti dómnefndarinnar þá var ákveðið að íbúar tvennra húsa á Hvolsvelli fengju verðlaun sem og eigendur eins fyrirtækis.



Hvolstún 16: Stella Sólveig, Ásmundur og Eva Hrönn

Virkilega fjölbreyttar og skemmtilegar skreytingar sem mynda flotta heild og jólagleðin er algjörlega við völd. Ekki skemmir fyrir að heyra má jólalög þegar gengið er framhjá húsinu.



Gunnarsgerði 7a: Elías, Theodóra og óskírður Elíasson

Mjög stílhreinar og smekklegar skreytingar sem settar hafa verið upp þannig að húsið er eins og fallegur jólapakki



Rafverkstæði Ragnars: Árný Hrund og Ragnar

Falleg og sniðug skreyting við fyrirtæki sem að kemur virkilega vel út. Einnig má nefna að garður þeirra hjóna við Gilsbakka 1 er eins og jólaævintýraland





Jóla-Kahoot Ungmennaráðs Rangárþings eystra

Ungmennaráð Rangárþings Eystra ætlar að halda Kahoot spurningakeppni á Zoom miðvikudaginn 29. desember klukkan 20:00. Ungmennaráðið hélt spurningakeppni með fjarfundarbúnaði fyrir ári síðan og það gekk mjög vel. Fjölskyldur settust saman í sófana sína og skemmtu sér frábærlega.

Við hvetjum alla til að taka þátt í þessari frábæru fjölskylduskemmtun. Sigurvegarar fá veglega vinninga! Viðburðinn má finna á facebook og íbúar eru hvattir til að taka þátt og hafa gaman saman.

Bókasafnið okkar allra

Héraðsbókasafn Rangæinga fékk úthlutað styrk frá Uppbyggjasjóð Suðurlands núna í vetur en verkefnið sem fékkst styrkur fyrir nefnist „Bókasafnið okkar allra“ Fyrsti viðburður verkefnisins var haldinn 16. desember en þá komu rithöfundarnir Yrsa Þöll Gylfadóttir og Gunnar Theodór Eggertsson og lásu upp úr bókum sínum fyrir 1.-8. bekk í Hvolsskóla. Framundan eru m.a. lestrarstundir fyrir leikskólabörn og upp-lestur fleiri rithöfunda. Fylgist með á facebook síðu Héraðsbókasafnsins.



Íþróttamiðstöð Rangárþings eystra

Búningsklefar

Nýir og glæsilegir búningsklefar kláruðust nú í sumar og er almennt mikil ánægja með þá. Í hvorum klefa fjölgaði skápum talsvert, hiti var settur í gólf, loftræstingin bætt, sturtunum fjölgað, salernisaðstaða mun betri og grófar og góðar flísar settar á allt.

Aðsókn árið 2021

Fjölmargir hafa sótt íþróttamiðstöðina á þessu ári. Gestum hefur, eðlilega, fjölgað síðan í fyrra en þrátt fyrir takmarkanir á þessu ári höfum við fengið rúmlega 33.000 gesti til okkar í sundlauginna og í ræktina. Til samanburðar voru gestirnir rúmlega 38.000 árið 2019 sem var met ár. Í þessari tölu eru ekki æfingar eða skólasund. Þrátt fyrir ágætis aðsókn yfir vetrartímam erum við að fá um helming af okkar gestum yfir „sumarmánuðina“ júní, júlí og ágúst. Í júlí voru gestirnir t.d. um 8.000, þrátt fyrir takmarkanir.

Vaskir morgunhanar

Það eru ekki margar sundlaugar hér á Íslandi sem opna kl. 06:00 virka morgna og loka kl. 21:00 og fáum við stóran hóp af okkar viðskiptavinum á milli kl. 06:00 – 08:00 virka morgna, allt árið um kring. Hluti af þeim eru fastagestir sem hafa komið til okkar ár eftir ár, tekið sundsprett og rætt svo málin um lífsins gagn og nauðsynjar í heita pottinum á eftir.

Íþróttasalurinn

Íþróttasalurinn er mikið notaður. Hver dagur byrjar yfirleitt á morgunhópum sem rífa sig upp og mæta í hópatíma og í kjölfarið hefjast svo skólaíþróttir. Inn á milli þeirra mæta svo eldri borgarar eða leikskólinn með sín börn. Samfellustarfið hefst svo þegar skóla lýkur og eru æfingar til 21.00, ýmist hjá börnum eða fullorðnum. Það er því oftast nóg að gera hjá okkur og starfsfólkið vinnur gott starf við afgreiðslu, vöktun klefagæslu og þrif.

Góð íþrótt er gulli betri

Íþróttasalurinn er mikið notaður. Hver dagur byrjar yfirleitt á morgunhópum sem rífa sig upp og mæta í hópatíma og í kjölfarið hefjast svo skólaíþróttir. Inn á milli þeirra mæta svo eldri borgarar eða leikskólinn með sín börn. Samfellustarfið hefst svo þegar skóla lýkur og eru æfingar til 21.00, ýmist hjá börnum eða fullorðnum. Það er því oftast nóg að gera hjá okkur og starfsfólkið vinnur gott starf við afgreiðslu, vöktun klefagæslu og þrif.

Opnunartími um jól og áramót í íþróttamiðstöðinni á Hvolsvelli

Þorláksmessa 23. des kl. 06:00 - 21:00

Aðfangadagur 24. des kl. 08:00 - 11:00

Jóladagur 25. des lokað

Annar í jólum 26. des lokað

27. des kl. 06:00 - 21:00

28. des kl. 06:00 - 21:00

29. des kl. 06:00 - 21:00

30. des kl. 06:00 - 21:00

Gamlársdagur 31. des kl. 08:00 - 11:00

Nýársdagur 1. jan lokað



*Starfsfólk íþróttamiðstöðvarinnar á Hvolsvelli óskar öllum
íbúum Rangárþings sem og öllum viðskiptavinum ársins
gleðilegra jóla, farsældar á nýju ári og við vonumst til að sjá
ykkur sem oftast á árinu 2022.*

Vetraropnun í Íþróttamiðstöðinni

Mán-föst 06:00-20:00

Helgar 10:00-15:00

Sveitarlistamaður Rangárþings eystra 2021



Einn af föstum liðum Kjötsúpuháttarinnar sl. ár hefur verið að afhenda verðlaun fyrir Sveitarlistamann Rangárþings eystra. Að þessu sinni hlaut Valborg Ólafsdóttir, tónlistarkona í Holti undir Eyjafjöllum, þessa útnefningu og er virkilega vel að henni komin. Valborg hlýtur þessa útnefningu fyrir frumlega tónlistar- og textagerð, tónlistarsköpun og lifandi flutning í sveitarfélaginu sem og annars staðar. Valborg gaf út aðra plötu sína, Silhouette, sl. sumar en þar má finna frumsamin lög eftir Valborgu og hljómsveit hennar. Valborg er einnig tónlistarkennari við Tónlistarskóla Rangæinga og tekur því þátt í að miðla sinni reynslu og þekkingu til yngri kynslóðarinnar. Það var Harpa Mjöll Kjartansdóttir, formaður Menningarnefndar, sem afhenti Valborgu viðurkenninguna.

Rattleikur Rangárþings eystra 2021



Eins og undanfarin ár stóð Rangárþing eystra fyrir ratleik um sveitarfélagið. Ratleikurinn gekk út á það að heimsækja átta staði í sveitarfélaginu, taka mynd af sér og/eða fjölskyldunni á hverjum stað og senda myndina inn til að komast í ratleikspottinn.

Í byrjun september var svo dregið úr innsendum myndum og var Embla Bríet Einarsdóttir svo heppin að vera dregin út og hlaut hún góða vinninga.

Á meðfylgjandi mynd má sjá Emblu Bríeti sýna listir sínar í Steinahelli undir Eyjafjöllum



Umhverfisverðlaun Rangárþings eystra 2021

Umhverfisverðlaun Rangárþings eystra voru afhent í byrjun október en það er Umhverfis- og náttúruverndarnefnd Rangárþings eystra sem að heldur utan um tilnefningar og tekur síðan ákvörðun um verðlaunahafa.

Íbúar hafa verið duglegir að halda sínu nærumhverfi snyrtilegu og því var úr vöndu að ráða þegar kom að því að veita verðlaunin.

Snyrtilegasta býlið var valið Smáratún. Ábúendur eru hjónin Ívar Þormarsson og Arndís Soffía Sigurðardóttir ásamt börnum sínum, Emmu Eir, Elfari Agli og Eldey. Í Smáratúni býr einnig faðir Arndísar, Sigurður Eggertsson, sem byggði upp landbúnaðinn sem nú er stundaður þar og lagði einnig grunninn að ferðaþjónustunni sem þau Ívar og Arndís Soffía hafa nú rekið með miklum myndarbrag til fjölda ára. Allt nærumhverfið í Smáratúni er til mikillar fyrirmyndar, hvort sem það á við lögbýlið sjálft eða ferðaþjónustuna.



Snyrtilegasti garðurinn var valinn Litlagerði 17 en þar búa þau Guðlaug Oddgeirsdóttir og Sigurður Sigurðsson. Garðurinn þeirra er afar snyrtilegur og fállegur og ljóst að mikil vinna hefur verið lögð í að halda honum við. Guðlaug hafði það einmitt á orði þegar hún var innt eftir hvort að það væri ekki mikil vinna að halda úti svona stórum garði og af þessum myndarbrag að jú það væri það nú en þeim þætti þetta bara svo gaman og það sést í hverju horni garðsins.



Snyrtilegasta fyrirtækið er Spói gesthús. Allar götur síðan þau Gunnhildur Edda Kristjánsdóttir og Ágúst Kristjánsson opnuðu gistihúsið Spóa á heimili sínu að Hlíðarvegi 15 á Hvolsvelli hefur mikil snyrtimennska einkennt svæðið og mikill metnaður lagður í þá vinnu. Gestir þeirra Gunnhildar og Ágústar geta notið þess að sitja úti í stórum garðinum þar sem blóm og tré eru í mikill grósku. Einnig er í garðinum reisulegt gróðurhús þar sem ýmislegt spennandi er ræktað.



VISS á Hvolsvelli

Kæru vinir!

Nú er að verða ár síðan VISS hóf starfsemi sína hér á Hvolsvelli og óhætt að segja að hún er komin til að vera. Í dag starfa að meðaltali 8 manns, þar af tveir leiðbeinendur. Verkefnum eru margvísleg og áherslan er að vinna og endurnýta þann efnivið sem við fáum úr nærsamfélaginu. Mikil áhersla hefur verið lögð í kertagerð, tréverk og tuskugerð sem síðan er selt á kostnaðarverði. Bæjarbúar og fyrirtæki hafa verið dugleg að eiga viðskipti við okkur sem við erum mjög þakklát fyrir og viðurkenning á okkar starfi. Það er okkur mikilvægt að finna velvild og hlýhug sem eflir um leið starfsandann og vera hluti af atvinnulífinu skiptir okkur öllu máli.

Eitt af okkar markmiðum er að vera sýnileg í samfélaginu og höfum við síðan í haust verið með markað í Krónunni sem hefur verið vel tekið af bæjarbúum og munum við halda því áfram. Einnig er hugmynd að strax á nýju ári ætlum við að vera með markað á Hellu sem við munum auglýsa þegar nær dregur.

Það stefnir í annað skemmtilegt og fjölbreytt ár hér á VISS og mögulega að það fjölgi hjá okkur enn frekar af starfsfólki og verkefnum. Við erum einnig opin fyrir hugmyndum af verkefnum og tókum vel á móti ykkur hér á okkar fallega vinnustað. Áfram verður opið alla virka daga frá kl 8 – 12, þá bæði búðin og móttaka á efnivið.

Sérstaklega eru handklæði sem þurfa að öðlast nýtt líf velkomin .

Að endingu óskum við öllum gleðilegra jóla og ósk um farsæld á komandi ári. Megi gæfan brosa við ykkur öllum og sjáumst sem flest á nýju ári.

Starfsfólk VISS.



Hnappur fyrir ábendingar og/eða fyrirspurnir á www.hvolsvollur.is

Á heimasíðu Rangárþings eystra má finna eyðublað þar sem íbúar og aðrir geta komið sínum ábendingum og fyrirspurnum til sveitarfélagsins. Hnappurinn er staðsettur vinstra megin á heimasíðunni, smellt er á Senda ábendingu/fyrirspurn og þar til gert eyðublað fyllt út.

KOMDU MED → VISITHVOLSVÖLLUR.IS

<p>Opnunartími</p> <p>Mánudag - fimmtudag Kl. 09-12 og kl. 13-16</p> <p>Föstudag kl. 09-13</p> <p>Sími: 488 4200</p> <p style="border: 1px solid red; display: inline-block; padding: 2px;">Senda ábendingu / fyrirspurn</p>	<div style="display: flex; justify-content: space-around;"> <div style="text-align: center;">  SKIPULAGS- OG BYGGINGARMÁL </div> <div style="text-align: center;">  KORTA- OG TEIKNINGAVEFUR </div> <div style="text-align: center;">  SORPHIRDA </div> </div> <div style="display: flex; justify-content: space-around; margin-top: 10px;"> <div style="text-align: center;">  FUNDARGERÐIR </div> <div style="text-align: center;">  BÚKOLLA </div> <div style="text-align: center;">  VELKOMIN Í RANGÁRÞING EYSTRÁ? </div> </div>	
---	--	--

Upplýsingar um COVID-19 vírusinn →

Austurvegur 4

Í næstu fréttabréfum ætlum við að kynna starfsemina í Ráðhúsinu á Austurvegi 4 en ásamt sveitarfélaginu eru þar til húsa starfsmenn um 10 fyrirtækja og stofnanna.

Rangárþing eystra

Skrifstofa Rangárþings eystra er staðsett á Austurvegi 4 en þar eru starfandi níu starfsmenn og þrír starfsmenn hjá embætti byggingar- og skipulagsfulltrúa. Einnig eru þær Gyða Björgvinsdóttir, verkefnisstjóri Barnvæns samfélags og Margrét V. Helgadóttir, ráðhússtjóri Stafræns Ráðhús, með vinnuáðstöðu á Austurveginum en þær eru starfsmenn hjá skrifstofu Rangárþings eystra.

PwC

Starfsstöð PwC á Hvolsvelli er á Austurvegi 4 og sinnir þar m.a. endurskoðun, bókhald og ársreikningagerð fyrir einstaklinga og fyrirtæki. PwC er löggiltur endurskoðandi sveitarfélagsins og því mikill kostur að hafa þessa starfsstöð í ráðhúsinu. Forstöðumaður PwC á Hvolsvelli er Berglind Hákonardóttir en ásamt henni starfa þær Ólafía Ásbjörnsdóttir, Sigríður K. Viðarsdóttir og Jana Flieglova.



Nýr starfsmaður hjá skipulags- og byggingarfulltrúa

Í byrjun nóvember tók Þóra Björg Ragnarsdóttir til starfa sem aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa.

Þóra ólst upp á höfuðborgarsvæðinu en flutti svo erlendis og bjó meðal annars í Kaupmannahöfn þar sem hún tók meistaraþróf í arkitektúr frá Konunglegu listaakademíunni. Í Kaupmannahöfn starfaði hún á teiknistofu sem sérhæfði sig í endurbyggingum og friðuðum byggingum.

Þóra flutti heim til Íslands árið 2020 eftir að covid faraldurinn fór á flug og hefur nú tekið til starfa hjá sveitarfélaginu. Þóra á ættir að rekja til Rangárþings eystra en móðuramma hennar er fædd og uppalinn á Markarskarði. Við bjóðum Þóru velkomna til starfa.



Endurskoðun Aðalskipulags Rangárþings eystra



Rangárþing eystra hefur unnið að endurskoðun á aðalskipulagi sveitarfélagsins frá 2019 og hafa nú klárað tillögu að nýju aðalskipulagi sveitarfélagsins sem gilda mun frá 2020-2032. Sveitarfélagið skipaði vinnuhóp sveitarstjórnar og skipulagsnefndar um endurskoðun skipulagsins og ráðgjafi í vinnunni er EFLA verkfræðistofa. Tilefni endurskoðunar byggist á breyttum forsendum frá gildandi aðalskipulagi og hvernig gengið hefur að fylgja eftir þeirri stefnumörkun sem þar er sett fram. Talsverðar breytingar hafa orðið á forsendum skipulagsins bæði innan sveitarfélagsins sem og í ytra umhverfi. 13. - 15. desember sl. var opin kynning á þeirri tillögu sem nú liggur fyrir þar sem íbúar gátu komið og kynnt sér tillöguna og átt samtál við m.a. skipulags- og byggingarfulltrúa og sveitarstjóra.

Allar upplýsingar um aðalskipulagið má finna á heimasíðu sveitarfélagsins en þar er m.a. hlekkur á gagnvirka heimasíðu aðalskipulagsins ásamt kynningarmyndbandi um notkun síðunnar.

Aðalskipulag Rangárþing eystra 2020-2036
Sveitarfélagsupplýsingar



Pistill frá Kvenfélaginu Eygló



Kvenfélagið Eygló, Vestur Eyjafjöllum reynir að styðja við ýmis verkefni í samfélaginu, bæði með peningastyrkjum og einnig að halda uppi hinum ýmsu menningarviðburðum. Dæmi um það eru bingo sem haldin eru einu sinni til tvisvar á ári og eru þau alltaf vel sótt. Þar safnast einmitt peningur til að styrkja hin ýmsu málefni. Einnig stendur kvenfélagið fyrir Hátíðardagskrá á 17. júní ásamt Ungmennafélaginu, á veturna er á tveggja vikna fresti selt kaffi og meðlæti á svo kölluðu Bókakaffi á Heimalandi. Kvenfélagið hefur svo haldið jólaböll á Heimalandi áður en Covid skall á. Félagsskapur, eins og kvenfélagið, er svo dýrmætur í dag þar sem við þurfum svo mikið á þessu að halda og til að efla samverustundir.

Vekjum athygli á hvað kvenfélögin um allt land er mikilvægur stólpi í samfélaginu. Á dögunum var VISS á Hvolsvelli færð peningagjöf til að styðja frábært starf þar en þau eru að endurnýta ýmsa hluti svo sem kerti og nota til þess t.d. áldósisir (bauna/ávaxtadósisir) frá heimilum til að steypa kerti í og einnig dósinar undan Pringles snakki og fl. Einnig þiggja þau gömul handklæði og sængurföt sem eru bútuð niður í tuskur til að selja. Þarna eru margir einstaklingar sem koma saman til að vinna við þessi verkefni og njóta sín.

Stjórn Kvenfélagsins Eyglóar

Menningarsjóður - haustúthlutun 2021

Um miðjan ágúst var auglýst eftir umsóknum í Menningarsjóð Rangárþings eystra. Auglýst er eftir umsóknum í sjóðinn tvisvar á ári og fer styrkuppþæð sjóðsins eftir fjárhagsáætlun hvers árs. Sex umsóknir bárust í sjóðinn nú að hausti, að heildaruppþæð 1.615.000 en 800.000 voru til úthlutunar. Það er Menningarnefnd sem að fer yfir umsóknirnar og gefur sitt álit en Sveitarstjórn tekur lokaákvörðun um úthlutun styrkja. Í bókun sinni, þegar farið var yfir umsóknirnar að þessu sinni, lýsti Menningarnefnd yfir ánægju sinni yfir þeim fjölda góðra umsókna sem bárust í Menningarsjóðinn að þessu sinni og ljóst er að menningarlífið blómstrar í Rangárþingi eystra þrátt fyrir að tímar hafi verið erfiðir síðustu misseri. Þau verkefni sem fengu styrk nú voru Jazz undir fjöllum 250.000 kr., Katrínarlind; sögu- og upplýsingaskilti 190.000 kr., Fiðlufför; loka-tónleikar 150.000 kr., Vika 861; Ljósmyndaverkefni 125.000 kr. og Náttúrutónar I og II 75.000 kr.



Jólatónleikar á Kirkjuhvoli



Mánudaginn 20. desember var mikið um dýrðir á Kirkjuhvoli en þá var ákveðið að setja upp jólatónleika fyrir heimilisfólkið. Þetta var algjörlega allt gert að tilstuðlan starfsfólksins sjálfs og voru stjórnendur tómtunda þar fremstar í flokki, þær Hildur Þóra Þorvaldsdóttir og Hlín Albertsdóttir. Metnaðurinn var mikill, þau Ingibjörg Erlingsdóttir og Jens Sigurðsson voru fengin til að spila undir, útbúin var sérstök tónleikaskrá og starfsfólkið myndaði kór sem stóð sig með mikilli þryði. Í hópi starfsfólks má einnig finna virkilega hæfileikaríka einsöngvara sem sungu af hjartans list og mátti víða sjá tár á hvarmi enda flutningurinn einlægur og fallegur. Einsöngvarar voru þau Írena Víglundsdóttir, Katrín Diljá Vignisdóttir, Oddný Lilja Birgisdóttir, Sigurður Anton Pétursson og Sigurpáll Jónar Sigurðsson.

Heimilisfólk var að vonum ánægt með þessa góðu tónleika og á starfsfólkið miklar þakkir skildar fyrir tónleikahaldið á þessum erfiðu Covid tímum.

**Flugeldasölu björgunarsveitanna
í Rangárþingi eystra**

Björgunarsveitin Bróðurhöndin
verður með sölu flugelda í húsi sveitarinnar á Heimalandi
30. desember 13:00 - 18:00

Björgunarsveit Landeyja
verður með sölu flugelda í Björgunarsveitarhúsinu við Sléttuból
29. desember 13:00 - 16:00
30. desember 10:00 - 22:00
31. desember 10:00 - 14:00

Björgunarsveitin Dagrenning
verður með sölu flugelda í húsi sveitarinnar við Dufþaksbraut
28. desember 16:00 - 20:00
29. desember 16:00 - 22:00
30. desember 10:00 - 22:00
31. desember 10:00 - 16:00